

AÐALFUNDUR

Félag tanntækna og aðstoðarfólks tannlækna

Miðvikudaginn 10.maí kl. 18:30

Grand Hótel Reykjavík

Dagskrá:

- 1. Fundarsetning.** Fundur settur kl. 19:06 eftir að borið var fram langa með grænmeti og kartöflum. Formaður afhendi Kristbjörgu skrifstofustjóra fundinn sem fundarstjóri, þetta er hennar fyrsti aðalfundur eftir ráðningu hennar um áramótin 2022-2023. Hún segir stuttlega frá sér áður en næsti liður er tekin fyrir.
- 2. Fundargerð síðasta aðalfundar** liggur á heimasíðu félagsins og er hún ekki lesin upp. Fundurinn samþykkir.
- 3. Skýrsla formanns** fyrir árið 2022 flutt.
- 4. Reikningar félagsins f. 2022 lagðir fram** og voru samþykkir af fundinum.
- 5. Umræður um skýrslu formanns og reikninga.** Fundurinn samþykkir reikninga félagsins.
- 6. Lagabreytingar.** Engar tillögur að lagabreytingum voru lagðar fram.
- 7. Kosning formanns.** Ekkert mótframboð gegn Sigurbjörgu Söndru barst. Hún býður sig áfram fram til setu sem formaður, hún er því sjálfkjörin áfram til tveggja ára.
- 8. Kosning tveggja stjórnarmanna og eins varamanns.** Auður Sandra og Alma Dögg hafa nú setið í tvö ár og þeirra tímabil því á enda. Þær bjóða sig fram til áframhaldandi setu. Engin framboð til stjórnarsetu bárust og því eru þær endurkjörnar. Alexandra situr áfram sem varamaður (er í fæðingarorlofi).

Stjórn skipar:

Sigurbjörg Sandra Sússonudóttir Forberg, Auður Sandra Grétarsdóttir, Margrét Lukka Brynjarsdóttir, Bára Berg Sævarsdóttir, Alma Dögg Árnadóttir. Varamaður: Alexandra Kristjánsdóttir býður sig fram til áframhaldandi setu sem varamaður. Fyrir er Magga Lena Kristinsdóttir einnig varamaður.

- 9. Ákvörðun um félagsgjald.** Félagsgjöld eru 1% af heildarlaunum og fundurinn samþykkir að hafa það áfram.
- 10. Þóknun stjórnarkvenna.** Formaður ávarpar fundinn. Laun stjórnarkvenna hækkuðu um 1000 kr. 2019 og um 5000 kr árið 2020. Síðan hafa þau ekki hækkað. Formaður leggur til að hækka laun stjórnarkvenna þar sem miklar verðhækkanir hafa verið og verðbólga. Fundir eru iðulega frá ca. kl. 16-20 fyrir utan símhringingar og „aukavinna“ við að kynna sér ýmis mál. Út í sal er bent á að ef þetta væri karlafélag væru launin mun hærri fyrir stjórnarsetu. Stungið upp á út í sal 10.000 króna hækjun, einnig 5.000 króna hækjun. Fundurinn kýs og niðurstaða er 10.000 króna hækjun per fund. Laun stjórnarkvenna fara þá úr 15.000 per fund í 25.000. Ritari fer úr 20.000 í 30.000 per fund.

- 11. Kosning í trúnaðarmannaráð og kosning skoðunarmanna.** Kristbjörg áréttar að réttnefni er trúnaðarráð (ekki trúnaðarmannaráð) og að hlutverk þess er að móta stefnu félagsins í mikilvægum málum og fundar með stjórn félagsins ef þurfa þykir. Er eins konar „buffer“ á milli stjórnar og félagskvenna. Það vantart eina manneskju í trúnaðarráð og eina í skoðunarnefnd. Skoðunarnefnd

hittist einu sinni á ári og fara yfir reikninga félagsins. Í trúnaðarráð býður hún sig fram Ragnheiður Benediktsdóttir. Sem skoðunarmaður býður hún sig fram Arnbjörg Finnubogadóttir.

12. Niðurstöður launakönnunar kynntar. Sandra kynnir niðurstöður launakönnunnar sem var gerður í apríl 2023. Svarhlutfall var 52%. Flækjustig í kringum vinnuhlutfall þar sem beðið var um prósentuhlutfall í vinnu og svo launin. Sumar virðast hafa misskilið þetta og upp reiknað sjálfar sín laun fyrir 100% vinnu. Spurning um að endurtaka launakönnunina v/ misskilnings. Mikið flækjustig og misskilningur í kringum 35.5/36.75 klukkustunda vinnuviku. Viðræður um það að 30 mín á dag á 8 tíma vinnudag sé lítið. StimpilkluKKuviðræður og kostir og gallar þess, sem er að vísu ekki kjarasamningstengt.

13. Önnur mál.

Spurt hvort formaður fari út á land að heimsækja félagskonur. Sandra hefur ekki gert það í hennar formanstíð. Inger gerði það einu sinni en konur eru ansi dreifðar um landið. Reynt var að hafa félagsfund strax eftir ársþing til að þær sem eru á landsbyggðinni gætu nýtt ferðina en mæting var ekki góð.

Spurt um bensínstyrk. Bent á að það væri eitthvað sem viðkomandi geti samið um við sinn atvinnuveitanda, ásamt t.d. íþróttastyrk og/eða síma.

Spurt hvernig vinnutímastyttingin sé útfært á hinum ýmsu stofum. Ýmsar útgáfur: hækkuð vinnuprósenta eða safnað upp í frí. Mikið rætt fram og til baka um 35.5 og 36.75. Útskýrt að þessi útgáfa komi frá VR og alls ekki eitthvað sem henti endilega tannlæknastofum en var eina leiðin til að fá samningsnefnd TFÍ að borðinu varðandi vinnutímastyttingu. Sumir vinnuveitendur eru að reyna að taka matartímann af sínum konum, nú þegar breyting hefur orðið sér stað og margir farnir að rýna í samninginn. Deilitalan uppfærð sem var ekki gerð þegar vinnuvikan fór úr 40 tínum í 38.

Spurt um sumarfrísdaga, er hægt að skikkja starfsmann til að taka sumarfrísdaga að vetri? Alltaf samkomulag, og ef tannlæknirinn óskar eftir því þá bætist 25% á. Sumarfrístmabil er 2. maí – 15. september. Samkomulag um að færa daga og ekkert í okkar samningum sem segir hvenær þurfi að klára sumarfríð.

FUNDI SLITIÐ

Fyrirlestur:

Anna Steinsen þjálfari og eigandi KVAN

sem fjallar um heilbrigði, sjálfstraust, sjálfsmildi og að rækta sína eigin styrkleika.

Jákvæður og skemmtilegur fyrirlestur.

*M. Sandra Þ. Forney
Anna Þórg Árnadóttir
Audur Sandra Grétasdóttir
M. Þorunniard*